



Fjárvörslureikningur Landsbankans

Fjárvörslureikningur Landsbankans er fyrir þá sem vilja ráðstafa lífeyrissparnaði sínum í erlend hlutabréf. Sveiflur í ávöxtun geta verið mjög miklar og hentar sjóðurinn því þeim sem eiga langan tíma eftir af lífeyrissöfnunartíma sínum og þeim sem eru meðvitaðir um að sveiflur geta verið töluverðar.

Fjárvörslureikningur fjárfestir í hlutabréfasjóðnum Landsbanki Global Equity Fund (LGEF). Markmið sjóðsins er að draga saman helstu styrkleika fremstu sjóðastjórnunarfyrirtækja heims á einn stað til að ná hámarksávöxtun með mikilli áhættudreifingu. Sjóðurinn fjárfestir m.a. í verðbréfasjóðum frá AllianceBernstein, Sparinvest og Dexia.

Fjárfestingarstefna Fjárvörslureiknings:

LGEF – Eignasamsetning 30.06. 2007



Um Fjárvörslureikning

Ummæli sjóðsstjóra

Ávöxtun erlendra hlutabréfa á fyrri helmingi ársins 2007 var góð en styrking íslensku krónunnar á tímabilinu vegur á móti. Í lok júlímánuðar hófst hins vegar snörp lækkunarhrina sem átti upptök sín í ótta fjárfesta við töp tengdum áhættusömum fasteignalánnum í Bandaríkjunum og flóknum fjármálaafurðum, svo sem skuldabréfavafningum. Enn sér ekki fyrir endann á þessum ótta og nú er svo komið að fjárfestingabankar munu líklega tapa verulegum upphæðum á lánnum tengdum yfirtökum. Þá hefur dregið úr lánveitingum og spákaupmennsku á bandarískum fasteignamarkaði og fasteignaverð fer lækkandi. Bandaríkin eru stærsta neytendahagkerfi heims en neysla síðustu ára hefur einmitt að hluta til verið fjármögnuð með aukinni skuldsetningu. Atvinnustig þar er þó með besta móti og hagfræðingar gera ekki ráð fyrir samdráttarskeiði á næsta ári þó að hagvöxtur verði lítil.

Hagvöxtur í heiminum er mikill árið 2007 og þrátt fyrir að um hægist í Bandaríkjunum er þess enn vænst að hann verði góður árið 2008. Verðlagning hlutabréfa í september 2007 telst vera hófleg ef spár um áframhaldandi hagvöxt á heimsvísu ganga eftir.

Áhætta: Lítill **1** **2** **3** **4** **5** Mikil

Almennar upplýsingar

- Fullgildur séreignarsjóður
- Viðbótariðgjald er séreign og erfist skv. erfðalögum
- Sjóðurinn var stofnaður árið 1999
- Stærð sjóðsins í jan 2007 var 2.16 milljarðar
- Fjöldi sjóðsfélaga í jan 2007 var 3.072
- Kennitala sjóðsins er 570299-9219
- Reikningsnúmer sjóðsins er 111-26-502960
- Lífeyrissjóðanúmer 932

Nafnávöxtun

Frá áramótum	-4,2%
Ávöxtun sl. 12 mánuði	0,7%
2006	33,3%
2005	13,7%
2004	-2,2%
2003	12,7%

Ábending frá Landsbankanum: Fyrir ávöxtun þarf ekki að segja til um ávöxtun í framtíðinni.